

Starfskynning 10. bekkur

Nemendur velja sér tvo vinnustaði sem þeir hafa áhuga á að kynna sér, hafa sjálfir samband og óska eftir að fá að koma í starfskynningu umrædda daga. Lágmarkstími á hvorum vinnustað er 3 – 4 klukkustundir. Nemendur geta farið nokkrir saman eða eins margir og fyrirtækið leyfir. **Kennsla önnur en valgreinar fellur niður þessa daga.**

Mikilvægt er að nemendur séu kurteisir í heimsóknunum.

Gott er að hafa eftirfarandi í huga:

- Það lýsir áhuga þínum á fyrirtækinu að vera búin að kynna þér fyrirtækið ef hægt er t.d. skoða heimasíðu þess á netinu.
- Mæta stundvíslega og bjóða góðan daginn. Munið að fyrstu kynni eru þau mikilvægustu.
- Kynna sjálfa/n sig og af hverju þið eruð þarna.
- Hlusta vel á öll fyrirmæli og fylgjast með af áhuga sama hvort þú hefur hann eða ekki.
- Að lokinni starfskynningu er sjálfsögð kurteisi að þakka fyrir sig og kveðja.

Nemendur þurfa að kynna heimsóknina fyrir bekkjarfélögum og hafa val um að gera með glærुकynningu eða stuttmynd. Munið að fá leyfi fyrir myndatökum.

Í kynningunni þarf eftirfarandi að koma fram:

- Hvað heitir fyrirtækið/stofnunin?
- Hvers konar fyrirtæki /stofnun?
- Hve lengi hefur það starfað?
- Hvað er gert í fyrirtækinu /stofnuninni? Nefndu mikilvægustu verkefni.
- Hve margir vinna hjá fyrirtækinu?

Veljið ykkur eitt starf innan fyrirtækisins og kynnið ykkur sérstaklega.

- Hvert er starfsheitið?
- Í hverju felst starfið?
- Er mikil ábyrgð sem fylgir starfinu? T.d. fólk, dýr, vélar og tæki osfrv.
- Er þetta úti- eða inni vinna? Hvar er unnið, t.d. verkstæði, í skrifstofu ...
- Er þetta líkamleg vinna? Hvaða líkamlegu forsendur þarf að hafa, t.d. góða sjón, handlagi, gott jafnvægisskyn?
- Er þetta hættuleg vinna?
- Hvernig er vinnutíminn?

Hvers krefst starfið?

- Hvernig nær maður árangri í þessu starfi?
- Hvaða menntun eða prófi þarf að hafa lokið til að geta stundað þessa vinnu t.d.
 - Grunnskólaprófi
 - Framhaldsskólapróf
 - Stúdentsprófi
 - Háskólaprófi Iðnmenntun
 - Annað nám
 - Reynsla og þekking

Hversu langan tíma tekur að afla menntunarinnar?

- Ár / mánuði ?
- Er nauðsynlegt að fara í sérstakt starfsnám?
- Er gerð krafa um lágmarksaldur?

Hvað gefur starfið ?

- Eru launin góð?
- Er auðvelt að fá vinnu líka þessari?

Annað

- Hvað gerðu. nemendur í heimsókninni?
- Hvað var áhugaverðast ?

Hægt er t.d. að fara inn á vefi eins og www.idan.is eða www.bendill.is ef þið viljið finna frekari upplýsingar um störfín sem þið kynntuð ykkur.

Gangi ykkur vel! 😊